

Fundur var haldinn í hreppsnefnd Tjörneshrepps í Sólvangi 15. júlí klukkan 17:00.

Allir aðalmenn mættir. Aðalsteinn J. Halldórsson, Sveinn Egilsson, Smári Kárasón, Jón Gunnarsson og Katý Bjarnadóttir. Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

1. Sími oddvita.
Samþykkt að nýta gsm-síma oddvita fyrir símanúmer hreppsins og leggja niður 464-1967.
2. Bókhald hreppsins.
Fór yfir stöðu bókhaldskerfa. Bókhaldskerfi eru enn í skoðun.
3. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga/Menningarmiðstöðvar Þingeyinga/Héraðsnefndar Þingeyinga.
Katý Bjarnadóttir mætti fyrir hönd Aðalsteins J. Halldórssonar. Katý gerði grein fyrir efni fundanna. Aðalsteinn gerði grein fyrir því að halda þyrfti aðalfund Atþing aftur þar sem skipun í stjórn stóðst ekki jafnréttisáætlun.
4. Hjörnes ehf.
Farið yfir skýrslu stjórnar, samþykktir og hluthafafundar.
5. Aðalfundur Dvalarheimilisins og Leigufélags Hvamms.
Aðalsteinn mætti fyrir hönd Tjörneshrepps. Aðalsteinn fór yfir stöðu reksturs á dvalarheimilinu Hvamms og Leigufélags Hvamms.
6. Málefni aldraðra í Tjörneshreppi.
Samþykkt var að veita styrk vegna aksturs í dagvistun í Hvammi.
7. Hitaveita í Tjörneshreppi.
Farið var yfir stöðu hitaveitumála. Ákveðið var að fá landeigendur á sameiginlegan fund til að fara yfir stöðu mála.
8. Sandtaka í Eyvíkurfjöru.
Erindir frá Vinnufélum Eyþórs ehf. um töku sands í Eyvíkurfjöru í allt að 1500 rúmmetra. Samþykkt var að veita leyfi til töku 1500 rúmmetra og ekki veitt áframhaldandi leyfi fyrr en athugun á umhverfisáhrifum hefur átt sér stað.

Fleira ekki gert. Fundið slitið kl. 18:40.

Katý Bjarnadóttir

Aðalsteinn J. Halldórsson

Sveinn Egilsson

Smári Kárasón

Jón Gunnarsson

